

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulaginu Hafnarfjörður miðbær, lóðir nr. 2 við Lækjargötu og 7 við Suðurgötu.
Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 12. júlí 2018 breytingu á deiliskipulaginu Hafnarfjörður miðbær, vegna lóðanna að Lækjargötu 2 og Suðurgötu 7. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 9. maí til 20. júní 2018. Athugasemdir bárust.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að á lóðinni Lækjargata 2 verði heimilt að reisa 5 hús ásamt sameiginlegri bílageymslu í kjallara. Lóðamörkum á götuhliðum verði hliðrað til og kvöð um gönguleið verði inn á lóðina frá Brekkugötu. Gert er ráð fyrir íbúðum, verslun og þjónustu á lóðinni. Á lóð austan Suðurgötu 7 verði kvöð um bílastæði og aðkomu felld úr gildi nyrst á lóð Suðurgötu 7, þar verði kvöð um gönguleið. Kvöð um skrifstofur á 2. hæð Suðurgötu 7 verði felld úr gildi og heimilt verði að setja glugga og dyr á austurhlið hússins. Lóð austan Suðurgötu 7 verði opið almenningssvæði.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 29. ágúst 2018.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.